

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

647. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 10. maí 2010 kl. 12:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.
2. Viðræður við fulltrúa útgerða Hörpu HU-4 og Neista HU-5.
3. Bréf samgöngunefndar Alþingis.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þar sem kynnt eru áform um takmarkanir á dragnótaveiðum á tilteknum svæðum við landið. Tillaga er um að banna dragnótaveiðar allt árið um kring í Hrútafirði, Miðfirði og Húnafirði innan tiltekinnna lína, auk þess sem bátum stærri en 22 metrar að mestu lengd, verði dragnótaveiði óheimil allt árið um kring í Húnaflóa innan tiltekinnar línu. Óskað er umsagnar sveitarstjórnar á tillögum þessum og þess óskað að umsögn berist sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu eigi síðar en 20. maí nk. Sveitarstjóra falið að leggja drög að umsögn og kynna á næsta byggðarráðsfundi.
2. Ómar Karlsson, fulltrúi útgerðar Hörpu HU-4 er mættur til fundar með byggðarráði v/ áforma sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sbr. 1. lið fundargerðarinnar. Eðvald Daníelsson, fulltrúi Neista HU-5 boðaði forföll. Lagði Ómar fram skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um Hafrannsóknir - Áhrif dragnótaveiða á lífríki botns í innanverðum Skagafirði. Kynnti Ómar jafnframt sjónarmið útgerðanna gagnvart framkomnum tillögum er snerta takmarkanir og bann við dragnótaveiðum á tilteknum veiðisvæðum í Húnaflóa. Sveitarstjóra falið að hafa samband við höfunda skýrslunnar við smíði umsagnarinnar, sbr. 1. lið..
3. Bréf samgöngunefndar Alþingis lagt fram en þar er óskað umsagnar á framlagðri tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, umsögnin berist ráðuneytinu eigi síðar en 14. maí n.k.. Sveitarstjóra falið að leggja drög að umsögn fyrir sveitarstjórnarfundinn sem verður 12. maí n.k.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.13:11

Elín R. Línal(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).